

## MYNDLIST:

### A. Paul Weber í Djúpinu

Um þessar mundir stendur yfir í Galleri Djúpinu við Hafnarstræti sýning á verkum A. Paul Webers, sem lést í nóvember síðastliðnum.

Þetta er fyrsta sýning á verkum þessa þýska grafíklistamanns eftir lát hans og þar gefur að líta 26 litógrafíur frá ýmsum tímum. Sýningin stendur til mánaðamóta og er opin daglega frá kl. 11—23.



Ein af litógrafíum A. Paul Webers í Djúpinu.

## REGNBOGINN:

### Sólbruni — Ný bandarísk mynd

Í gær frumsýndi RegnboGINN nýja bandaríska litmynd, Sólbruni. Í aðalhlutverkum eru þokkadísinn Farrah Fawcett, Charles Grodin og Art Carney. Leikstjóri er Richard C. Sarafian.

Myndin fjallar um viðureign og hörkuátök harðsnúinna tryggingsvika og djarfra einkaspjara sem láta sér heldur ekki allt fyrir brjósti brenna.



Farrah Fawcett



Á ómagahælinu eru munadarleysingjarnir hálfsveltir. Það kemur í hlut Olivers að biðja um meiri graut.

## Á FJÖLUNUM:

### Þjóðleikhúsið frumsýnir Oliver Twist

Á MORGUN kl. 15.00 frumsýnir Þjóðleikhúsið leikgerð Árna Ibsens á hinn viðlesnu sögu Charles Dickens um Oliver Twist. Leikstjóri er Briet Héðinsdóttir, en leikmynd og búningar eru eftir Messíonu Tómasdóttur og lýsinguna annast Kristinn Danielsson.

Fjöldi leikara kemur fram í þessu verki um góðhjartaða munadarlausu drenginn sem bjargast eftir mikla hrakningu á ólgusjóum mannlífsins. Tveir drengir, Börkur Hrafnsson og Sigurður Sverrir Stephensen, leika Oliver á víxl. Flosi Ólafsson leikur hr. Bumble, umsjónarmann ómagahælisins, Bryndís Pétursdóttir leikur matráðskonu hælisisins sem verður eiginkona hr. Bumble, Jón S. Gunnarsson leikur útfarastjórann, Baldvin Halldórsson leikur Fagin, þann lævíska skúr, Erlingur Gíslason leikur Bill Sikes, Þórunn Magnea Magnúsdóttir leikur Nancy, Ævar R. Kvaran leikur góðhjartaða gamla manninn sem kemur Oliver til bjargar og Valur Gíslason leikur vin hans. Önnur sýning á Oliver Twist er á morgun kl. 15.00.

Sýning Þjóðleikhússins á Blindisleik eftir Jón Ásgeirsson og

Jochen Ulrich hefur hlotið afar góðar undirtektir leikhúsgesta og hefur verið húsfullur á flestum sýningum til þessa. Gagnrýnendur hafa allir borið mikið lof á sýninguna í heild og hafa m.a. hvatt fólk til þess að missa ekki af þessum viðburði. Og nú fer hver að verða síðastur að sjá sýninguna, því þeir erlendu dansarar sem fara með aðalhlutverk hverfa brátt af landinu. Með aðalhlutverkin fara Michael Molnar, Conrad Bukes og Ingibjörg Pálsdóttir, en auk þeirra fara dansarar Íslenska dansflokksins með hlutverk sem og fjöldi annarra dansara. Leikmynd og búningar eru eftir Sigurjón Jóhannsson, en Kristinn Danielsson sér um lýsinguna. Það er Sinfóníuhljómsveit Íslands sem leikur undir stjórn Ragnars Björnssonar. Sýningar á Blindisleik verða bæði í kvöld og annað kvöld.

## LEIKFÉLAG KÓPAVOGS:

### 64. sýning á Þorláki þreytta

Í kvöld verður 64. sýning Leikfélags Kópavogs á Þorláki þreytta og verður sýningun haldin áfram á meðan aðsókn helst eins og verið hefur.

Leikfélag Kópavogs hefur nú tekið í notkun sjálfvirkan símvara sem opin er allan sólarhringinn og tekur á móti pöntunum. Eins og fyrr segir ræðst það af aðsókninni hvað Þorlákur verður lífseigur á fjölnum í Kópavogi, en ákveðið hefur verið að sýna hann „ef þörf krefur, jafnframt Leynimelnum sem frumsýndur verður í næsta mánuði.

## LAUGARÁSBÍÓ:

### „Á sama tíma að ári“

Í fyrradag frumsýndi Laugarásbíó nýja bandaríska kvikmynd, Á sama tíma að ári, sem gerð er eftir samnefndu leikriti er sýnt var í Þjóðleikhúsinu fyrir rúmum tveimur árum. Aðalhlutverk leika Alan Alda (Spítalalíf) og Ellen Burstyn.

Myndin segir frá manni, George, og konu, Doris, sem hittast fyrir tilviljun á hóteli í Norður-Kaliforníu árið 1951.

Hún er þarna stödd á trúarsamkomu, hann í viðskiptaerindum, bæði hamingjusamlega gift, en allt í einu eru kynni þeirra orðin nán. Og þau ákveða að hittast á sama stað á sama tíma að ári liðnu. Þannig gengur þetta og brugðið er upp myndum af samfundum þeirra með vissu millibili næsta aldarfjórðunginn. Hagir þeirra hafa mikið breyst á þessum tíma og aldurrinn færir yfir þau.



Alan Alda og Ellen Burstyn í hlutverkum sínum í myndinni

## MYNDLIST:

### Sýningu Kristins Guðbrands Harðarsonar lýkur um helgina

Á morgun lýkur sýningu Kristins Guðbrands Harðarsonar í Ásmundarsal við Freyjugötu. Á sýningunni eru um 20 myndverk.

Kristinn er fæddur í Reykjavík árið 1955 og útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Ís-

lands vorið 1977. Þetta er önnur einkasýning Kristins, en hann hefur einnig tekið þátt í nokkrum samsýningum. Sýningin í Ásmundarsal er opin í dag og á morgun frá kl. 16—22, en henni lýkur annað kvöld.

## LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR:

### Grettir, Rommí og Ofvitinn

Í kvöld verður 10. sýning á Grettir í Austurbæjarbíói og hefst hún á miðnætti. Góð aðsókn hefur verið á miðnætursýningarnar og undirtektir afbragðsgóðar. Höfundar verksins eru þeir Þórarinn Eldjárn, Ólafur Haukur Símonarson og Egill Ólafsson úr Pursaflokknum, en hljómsveitin tekur öll þátt í sýningunni. Sextán leikarar, söngvarar og dansarar koma fram en titilhlutverkið er í höndum

Kjartans Ragnarssonar. Leikstjóri er Stefán Baldursson.

Í Iðnó er sýning á verðlaunaleikritinu Rommí eftir Bandaríkjamanninn D.L. Coburn en þar fara þau Gísli Halldórsson og Sigríður Hagalín á kostum í hlutverkum roskins fólks á elliheimili sem styttr sér stundirnar við spilamennsku. Sýningar á Rommí eru nú að nálgast 40. Leikstjóri er Jón Sigurbjörnsson.

Annað kvöld er svo Ofvitinn á fjölnum, en þetta vinsæla verk Þórbergs Þórðarssonar og Kjartans Ragnarssonar virðist ætla að verða með langlífari sýningum Leikfélagsins. Þær breytingar hafa nú orðið á hlutverkaskipan, að Guðrún Ásmundsdóttir hefur tekið við hlutverki Valgerðar Dan en aðrir leikarar eru þeir sömu og verið hafa. Það eru Jón Hjartarson og Emil G. Guðmundsson sem fara með hlutverk ofvitans.

## KJARVALSSTAÐIR:

### Fjórar sýningar opnaðar í dag

FJÓRAR sýningar verða opnaðar í dag að Kjarvalsstöðum og þar af eru þrjár erlendar farandsýningar. Í Kjarvalsstað er sýndar myndir eftir sænska málara Carl Frederik Hill, sem uppi var um síðustu aldamót og þykir með sérstæðustu listamönnum Svía. Á göngunum eru grafíkmyndir eftir 10 hollenska listamenn og sýning á nútímalægum skartgripum eftir 19 landa þeirra. Loks er að geta sýningar hópsins „Vetrarmyndar“, sem er fjölbreytt í sniðum, enda eru hér með verk ólíkra myndlistarmanna.

Sænski myndlistarmadurinn Carl Frederik Hill þjáðist af geðsjúkdómi síðustu þrjátíu ár ævi sinnar og varðveist hefur fjöldi teikninga frá sjúkdómsárum hans, sem hvarvetna hafa vakið mikla athygli. Hill skipar sess meðal fremstu landslagsmálara Svía, að því er Elín Benediktsdóttir fulltrúi sagði. Verk hans þykja fara nærri nútímalist og höfðu áhrif á seinni tíma listamenn, m.a. Picasso. Á sýningunni eru 76 teikningar, sem allar eru í eigu listasafnsins í Malmö en sýningin kemur hingað frá Hel-

sinki, fyrir milligöngu Svenska Institutet og sænska sendiráðsins á Íslandi. Göran Christenson, starfsmaður listasafnsins í Malmö, hefur haft umsjón með uppsetningu sýningarinnar, en sýningin var fyrst sett upp í París í tilefni heimsóknar sænsku konungshjónanna þangað. Héðan fer hún til Færeyja, Englands og Írlands.

Hollenska skartgripasýningin er mjög nýstárleg en gripirnir eru gerðir úr silfri, plasti, áli og kopar og oft notuð fleiri en eitt efni í sama djásnið.

„Grafík frá landi Mondriaans“ nefnist grafík sýningin og þar eru verk eftir 10 hollenska listamenn, öll frá síðasta áratug. Er hér aðallega um að ræða sáldþrykk, að því er Hans Kristján Árnason, vararæðismaður Hollands, sagði, en sýningin kemur hingað fyrir milligöngu ræðismannsskrifstofu Hollands í Reykjavík á vegum hollenska menntamálaráðuneytisins.

Sýningarnar hafa báðar farið víða um heim og þess má geta að Iscargó bauðst til þess að flytja verkin frá Rotterdam og til baka aftur endurgjaldslaust.



Skartgripir á hollensku sýningunni.



Sex af ellefu myndlistarmönnum sem sýna með „Vetrarmynd“ í vestursal Kjarvalsstaða (f.v.): Sigurður Örylgsson, Baltasar, Hringur Jóhannesson, Sigríður Jóhannsdóttir, Leifur Breiðfjörð og Magnús Tómasson.



Göran Christenson, starfsmaður listasafnsins í Malmö, heldur hér á mynd eftir sænska myndlistarmanninn Carl Frederik Hill. Með honum á myndinni eru Elín Benediktsdóttir, fulltrúi í sænska sendiráðinu, og Esbjörn Rosenblad sendiráðunautur.